LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Þingskjal nr. __

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um dómara í hestaíþróttum í reglum um mótahald á Íslandi.

Breytingartillaga við gr. 3.3 Skipun dómara á mót

Dómaranefnd ber ábyrgð á skipun dómara á mót. Aðildarfélög LH sækja um dómara á lögleg mót til Dómaranefndar LH í síðasta lagi 7 dögum fyrir upphaf móts. Á mót, þar sem skráningar eru fleiri en 350, skal skipa sex dómara alls, fimm sem dæma og að auki einn sem gegnir stöðu yfirdómara.

Dómaranefnd hefur heimild til að fela Hestaíþróttadómarafélagi Íslands og Gæðingadómarafélagi LH úthlutun dómara á mót.

Greinargerð:

Eðlilegt er að á stærri mótum sé yfirdómari laus og geti brugðist við ef eitthvað kemur uppá. Eins er mikilvægt að yfirdómari geti haft yfirsýn yfir búnaðarskoðun.